



## UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS

Holtaskóli, haust 2019

Umbótaáætlun þessi er unnin í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjanesbæ haustið 2019. Við ytra matið voru teknir fyrir þrír fyrirfram ákveðnir matsþættir, *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Auk þess völdu skólastjórnendur Holtaskóla fjórða þáttinn til mats, *skólabragur Holtaskóla*. Umbótaáætlunina unnu stjórnendur skólans, Helga Hildur Snorradóttir og Unnar Stefán Sigurðsson en auk þeirra komu að vinnunni deildarstjórar skólans, Sigrún Huld Auðunsdóttir, Pétur Brynjarsson og Stefanía Helga Björnsdóttir. Umbótaáætlunin er byggð á skýrslu Oddnýjar J. Eyjólfsdóttur og Kristínar Sigurðardóttur. Í skýrslunni eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta sem fjallað er um í þessari áætlun. Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum og eru tillögurnar til úrbóta settar fram í sömu röð og þær koma fyrir í skýrslunni. Starfsfólk Holtaskóla þakkar matsaðilum mjög gott og faglegt samstarf og mun úttekt þeirra á skólastarfinu gera gott skólastarf Holtaskóla enn betra.

Helga Hildur Snorradóttir, skólastjóri Holtaskóla

Unnar Stefán Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri Holtaskóla

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu <sup>1</sup>	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b><u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta<sup>2</sup></u></b>					
• <b>Vinna skólanámskrá og starfsáætlun samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.</b>	Skólanámskrá og starfsáætlun verður yfirfarin með aðalnámskrá grunnskóla til hliðsjónar	Hafið	September 2020	Skólastjórnendur, verkefnastjóri námsmats og kennarar	Haust 2020 Metið lokið/ólokið  Kynnt á starfsmannafundi
• <b>Útfæra í skólanámskrá hvernig unnið er með grunnpætti menntunar.</b>	Atriði er varða grunnpætti menntunar komi fram í skólanámskrá næsta haust.	Ágúst 2020	September 2020	Skólastjórnendur, verkefnastjóri námsmats og kennarar	Haust 2020 Metið lokið/ólokið  Mat á skólanámskrá
• <b>Tryggja að allir fulltrúar í skólaráði séu valdir lýðræðislega af sínu baklandi.</b>	Fulltrúar kennara og starfsfólks verða kosnir á starfsmannafundi í ágúst.	Ágúst 2020	Ágúst 2020	Skólastjóri og skólaráð	Ágúst 2020 Metið lokið/ólokið
• <b>Tryggja að fulltrúar nemenda í skólaráði sitji í minnst tvö ár.</b>	Kjörnum fulltrúar nemenda koma úr 9. og 10. bekk næsta haust	September 2020	Október 2020	Skólastjóri og skólaráð	Haust 2020 Metið lokið/ólokið á fyrsta fundið skólaráðs
• <b>Sjá til þess að skólaráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur.</b>	Starfsáætlun og vinnureglur fyrir næsta skólaár verða útfærðar á fundi skólaráðs í september 2020.	September 2020	September 2020	Skólastjóri og skólaráð	Haust 2020 Metið lokið/ólokið

<sup>1</sup> Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

<sup>2</sup> Bætið við línunum eftir þörfum.

• Halda árlega einn fund skólaráðs um skólamál fyrir skólasamfélagið.	Rætt í skólaráði á næsta fundi og stefnt að skólaþingi/opnum fundi veturinn 2020-2021.	Febrúar 2020	Vor 2021	Skólastjóri og skólaráð	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
• Hafa samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins um stefnumótun.	Hafa árlega fund með hagsmunaaðilum skólans.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjóri og skólaráð	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
• Innleiða formlega endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsókna í kennslustundir, t.d. með jafningjamati eða mati stjórnenda.	Félagarýni/jafningjamat/kennslurýni ásamt matslistum kynnt fyrir kennurum á kennarafundi að hausti. Jafningjamati skal vera lokið í desember.	Október 2020	Desember 2020	Skólastjórnendur og kennarar	Desember 2020 Metið lokið/ólokið
• Vinna verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.	Verklagsreglur verða unnar, kynntar og aðgengilegar á heimasíðu skólans.	Vor 2020	Október 2020	Skólastjórnendur og eineltisteymi skólans	Haust 2020 Metið lokið/ólokið  Kynnt á starfsmannafundi í október
• Láta verktaka undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.	Eyðublaðið er klárt og ferlið hafið.	Hafið	Haust 2020	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og umsjónarmaður fasteigna	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
• Kynna sýn og stefnu skólans reglubundið og markvisst fyrir foreldrum og nemendum.	Foreldrafundir að hausti þar sem þessir þættir verða kynntir markvisst.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórnendur	Vor 2021 Metið lokið/ólokið

<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Auka þátttöku foreldra við ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólstarf.</b></li> </ul>	Foreldrum verður gefinn kostur á að taka þátt í ákvarðanatöku og þróun skólstarfsins á kynningarfundum foreldra.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórnendur	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Kynna foreldrum reglubundið sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag.</b></li> </ul>	Foreldrafundir að hausti þar sem þessir þættir verða kynntir markvisst.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórnendur	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Kynna stoðþjónustu skóla og sveitarfélags markvisst fyrir foreldrum.</b></li> </ul>	Stoðþjónustan kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundum að hausti.	Haust 2020	Haust 2020	Skólastjórnendur	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Efla virkni og beina þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans.</b></li> </ul>	Rætt í skólaráði og horft til skólaþings.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjóri og skólaráð	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins að endurskoðun skólareglna.</b></li> </ul>	Skólareglur verða kynntar öllum aðilum í skólasamfélaginu áður en þær verða lagðar til samþykktar fyrir skólaráð.	Hafið	Vor 2021	Skólastjórnendur	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Tryggja að allir starfsmenn fái starfsþróunarsamtal einu sinni á ári.</b></li> </ul>	Allir starfsmenn fá starfsþróunarviðtal.	Hafið	Lok mars 2020	Skólastjórnendur	Vor 2020 Metið lokið/ólokið

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. Skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Svið II – Nám og kennsla</b>					
• <b>Tilgreina í námsvísium hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.</b>	Atriði er varða grunnþætti menntunar verða sýnilegir í námsvísium.	Ágúst 2020	Október 2020	Skólastjórnendur, verkefnastjóri námsmats og kennarar	Haust 2020 Metið lokið/ólokið Mat á námsvísium
• <b>Tilgreina í námsvísium og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað í tilteknum námsgreinum.</b>	Atriði er varða námsaðlögun nemenda eða nemendahópa verður tilgreint í námsvísium og/eða kennsluáætlunum	Ágúst 2020	Október 2020	Skólastjórnendur, verkefnastjóri námsmats og kennarar	Haust 2020 Metið lokið/ólokið Mat á námsvísium
• <b>Huga að því að færa sérkennslu nemenda í auknum mæli inn í námsumhverfi bekkjarins.</b>	Nemendur fá í auknum mæli námsefni við hæfi í námsumhverfi bekkjarins með nauðsynlegum stuðningi.	Vor 2020	Vor 2021	Kennarar, verkefnastjóri námsmats og skólastjórnendur	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
• <b>Hafa foreldra og nemendur með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa.</b>	Haft verður samband við foreldra við gerð einstaklingsnámskráa.	Haust 2020	Október 2020	Skólastjórnendur, sérkennarar og umsjónarkennarar	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
• <b>Tengja viðmið um árangur og lykilhæfni í kennsluáætlanir allra árganga og kennslugreina.</b>	Viðmið um árangur og lykilhæfni verða tengd í kennsluáætlanir allra árganga og kennslugreina	Hafið	Vor 2021	Skólastjórnendur, verkefnastjóri námsmats og kennarar	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
• <b>Gæta þess að heimanámsaðstoð sé ekki skilgreind sem valgrein.</b>	Heimanámsaðstoð verður ekki skilgreind sem valgrein á næsta skólaári.	Vor 2020	September 2020	Skólastjórnendur	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
• <b>Huga að því að bráðgerir nemendur á öllum aldri fái hæfi.</b>	Markmið að nemendur á öllum skólastigum fái ögrandi verkefni við hæfi.	Ágúst 2020	Vor 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2021 Metið lokið/ólokið

námstækifæri við hæfi.					
<ul style="list-style-type: none"> <li>Nota umræður og skoðanaskipti nemenda markvisst sem hluta af námi og kennslu.</li> </ul>	Kennarar hvattir til að fá nemendur markvisst í umræður og skoðanaskipti.	Hafið	Vor 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvetja nemendur í auknum mæli til námsathafna sem krefjast samvinnu.</li> </ul>	Kennarar hvattir til að skipuleggja t.d. hópavinnu, sýnilegt í kennsluáætlun.	Hafið	Vor 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>Tryggja að virkur námstími nemenda skerðist ekki vegna ferða í íþrótt- og sundtíma</li> </ul>	Tekið verður tillit til þess við gerð stundaskrár næsta skólaár 2020-2021.	Hafið	September 2020	Skólastjórnendur	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera nemendum ljós markmið og viðmið um árangur sem birt eru í námsvísunum.</li> </ul>	Markmið og viðmið lotu kynnt fyrir nemendum og sýnileg á Mentor.	Hafið	Vor 2021	Skólastjórnendur, verkefnastjóri námsmats og kennarar	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýta námsumhverfi nemenda í skólanum á fjölbreyttari hátt, s.s. með hlutbundinni vinnu.</li> </ul>	Kennarar hvattir til hlutbundnari vinnu með nemendum. Fræðsla til kennara, t.d. námskeið að hausti.	Hafið	Vor 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynna námsvísa og tengingu þeirra við áætlanir um nám og kennslu fyrir nemendum og foreldrum og hvetja þá til að nýta sér þá.</li> </ul>	Foreldrafundir að hausti þar sem þessir þættir verða kynntir markvisst.	Haust 2020	Október 2020	Skólastjórnendur, verkefnastjóri námsmats og umsjónarkennarar	Haust 2020 Metið lokið/ólokið  Kynningafundur fyrir foreldra í september



<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Tengja rýni kennara í niðurstöður násmats við formlegar áætlanir um nám nemenda og setja í umbótaáætlanir</b></li> </ul>	Óskað hefur verið eftir kennurum í rýnihóp.	Hafið	Júní 2020	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Vor 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Gera grein fyrir útfærslu skólans á viðmiðunarstundaskrá í starfsáætlun.</b></li> </ul>	Viðmiðunarstundaskrá verður birt í starfsáætlun skólans næsta haust.	Ágúst 2020	Október 2020	Skólastjórnendur	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Tryggja að nemendur fái réttan fjölda kennslustunda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, bæði í kjarnagreinum og valgreinum.</b></li> </ul>	Tryggt verður að nemendur fái réttan fjölda kennslustunda.	Hafið	September 2020	Skólastjórnendur	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Gefa nemendum kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni og námsstíl hvers og eins.</b></li> </ul>	Þjóða nemendum upp á mismunandi leiðir í verkefnaskilum og val um námsstíl.	Hafið	Vor 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Veita fulltrúum nemenda í ráðum og nefndum þjálfun til að sinna þeim hlutverkum.</b></li> </ul>	Nemendur í ráðum og nefndum munu fá nauðsynlega þjálfun til að sinna sínum hlutverkum	September 2020	Nóvember 2020	Skólastjórnendur	Haust 2020 Metið lokið/ólokið



Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b><u>Svið III – Innra mat</u></b>					
• <b>Vinna langtímaáætlun um innra mat 3-5 ár fram í tímann sem endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins séu metnir.</b>	Horft verður til lengri tíma við gerð sjálfsmatsáætlunar í vor.	Mái 2020	Júní 2020	Skólastjórnendur	<b>Vor 2023</b> Metið lokið/ólokið  Endurskoðað árlega
• <b>Tilgreina í umbótaáætlun hvenær og hvernig eigi að meta árangur aðgerða.</b>	Búið verður til sér skjal þar sem þessir þættir verða tilgreindir.	Mái 2020	Júní 2020	Skólastjórnendur	Vor 2020 Metið lokið/ólokið
• <b>Tryggja að teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila hafi umsjón með framkvæmd innra mats.</b>	Sjálfsmatsteymi skólans hefur verið skipað með fulltrúum allra hagsmunaaðila.	Hafið	Lokið	Skólastjóri	Vor 2020 Metið lokið/ólokið  Lokið
• <b>Kynna niðurstöður úr innra mati formlega fyrir nemendum og foreldrum.</b>	Niðurstöður verða birtar á heimsíðu skólans og foreldrar upplýstir með tölvupósti.	Vor 2020	Júní 2020	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Vor 2020 Metið lokið/ólokið  Birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.
• <b>Vinna heildstæða umbótaáætlun með helstu niðurstöðum og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta þar</b>	Fylgiskjal með umbótaáætlun	Vor 2020	Júní 2020	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Vor 2020 Metið lokið/ólokið  Birt sem fylgiskjal með

sem tilgreindar eru aðgerðir vegna markmiða sem ekki hafa náðst.					sjálfsmatsskýrslu skólans
<ul style="list-style-type: none"> <li>Birta tímasetta umbótaáætlun á heimasíðu þar sem skilgreindir eru ábyrgðaraðilar fyrir umbótum</li> </ul>	Verður gert í umbótaáætlun.	Vor 2020	Júní 2020	Skólastjórnendur	Vor 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>Meta kennslu og fagmennsku kennara sem og nýjungar í kennsluháttum reglulega.</li> </ul>	Kennsla metin með félagarýni/jafningjamat/kennslurýni. Kennarar verða upplýstir um nýjungar í kennsluháttum eins og kostur er.	Haust 2020	Desember 2020	Skólastjórnendur	Haust 2020 Metið lokið/ólokið  Horft til kennsluheimsókna og jafningamats skólastjórnenda og kennara
<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati</li> </ul>	Í höndum sjálfsmatsteymis	Vor 2020	Júní 2020	Skólastjórnendur og sjálfsmatsteymi	Vor 2020 Metið lokið/ólokið  Endurskoðað árlega
<ul style="list-style-type: none"> <li>Tryggja að samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur eigi sér stað</li> </ul>	Boðað verður til foreldrafundar að hausti.	September 2020	Október 2020	Skólastjórnendur og sjálfsmatsteymi	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li>Bera áætlanir um umbætur formlega undir skólaráð og tryggja að þeim sé</li> </ul>	Borið undir skólaráð á haustfundi	September 2020	Vor 2021	Skólastjóri og skólaráð	Vor 2021 Metið lokið/ólokið

kerfisbundið fylgt eftir.					
•					
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Skólabragur</b>					
<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Veita nemendum og foreldrum tækifæri til að koma að stefnumótun um jákvæðan skólabrag.</b></li> </ul>	Fulltrúar nemenda í lýðræðisráði koma að stefnumótun. Foreldrar hafa tækifæri til að leggja sitt af mörkum á foreldrafundi í september.	Haust 2020	Október 2020	Skólastjórnendur og kennarar	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Gera grein í námsvísium fyrir tengslum námsgreina við sterka sjálfsmynd, heilbrigða lífshætti og uppeldi til jafnréttis.</b></li> </ul>	Þessum þáttum verður markvisst bætt í námsvísa.	Ágúst 2020	Október 2020	Skólastjórnendur, verkefnastjóri námsmats og kennarar	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Tilgreina í skólanámskrá hvernig unnið er með þætti eins og tilfinningabroska, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda.</b></li> </ul>	Þessum þáttum verður markvisst bætt við skólanámskrá.	Vor 2020	Október 2020	Skólastjórnendur, kennarar og náms- og starfsráðgjafi	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Leggja áherslu á kennsluhætti sem ýta undir lýðræði, með virkni nemenda, samræðum, samvinnu, val á verkefnum og hvetja nemendur til að setja sér markmið í námi.</b></li> </ul>	Lögð verður áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og áfram unnið með markmiðsetningu nemenda.	Skólaárið 2020-2021	Vor 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Veita nemendum tækifæri til markvissrar samvinnu í</b></li> </ul>	Kennarar hvattir til að efla jákvæð samskipti og samvinnu nemenda.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2021 Metið lokið/ólokið

námi þar sem jákvæð samskipti eru höfð að leiðarljósi					
• Hvetja alla nemendur til heilsueflingar og reglubundinnar hreyfingar	Fjölbreytt hreyfing í íþróttum ásamt fjölbreyttum valgreinum sem hvetja til hreyfinga.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórnendur, kennarar og heilsuteymi	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
• Sjá til þess að nemendur geti kosið fulltrúa sína í skólaráð á lýðræðislegan hátt	Nemendur fá tækifæri til að kjósa sína fulltrúa.	September 2020	Október 2020	Skólastjórnendur og umsjónarmaður félagsstarfa	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
• Veita nemendum, foreldrum og starfsmönnum tækifæri til að eiga hlutdeild í eineltisáætlun, m.a. með reglulegri umfjöllun og kynningu.	Áætlunin kynnt foreldrum á haustfundi. Umræður um eineltisáætlun í lýðræðisráði nemenda. Eineltisáætlun verður kynnt fyrir starfsfólki á starfsmannafundi.	Haust 2020	Desember 2020	Skólastjórnendur og eineltisteymi	Haust 2020 Metið lokið/ólokið
• Kynna skólareglur fyrir nemendum og foreldrum og veita þeim hlutdeild í reglulegri endurskoðun þeirra	Skólareglur verða kynntar nemendum og foreldrum með formlegum hætti. Nemendur taka virkan þátt í endurskoðun þeirra.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórnendur	Vor 2021 Metið lokið/ólokið
•					
•					
•					